



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**48. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 1. júlí 2024
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Valdimar Víðisson, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Berglind Snorradóttir.

Fundargerð ritaði: Berglind Snorradóttir, starfsmaður skrifstofu SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Frumniðurstöður ESA um undanþágur á greiðslu tekjuskatts byggðasamlaga - 2309018

Framhald umræðu frá fyrri eigendafundum en á 47. eigendafundi var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins: "Stjórn Sorpu vinnur áfram að málinu og formar tillögur um framtíðarrekstrarform Sorpu bs. og einstakra verkefna þess til að leggja fyrir ESA. Áður verður farið yfir málið gagnvart stefnuráði og tillögur stjórnar Sorpu teknar til afgreiðslu þar."

Unnin hefur verið tillaga að næstu skrefum málsins.

Lagt er til að efnahagsleg starfsemi Sorpu bs. verði flutt í félag/félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda sbr. bréf LMG lögmannna til ESA, dags. 19. júní 2024. Markmiðið er að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA er varðar ríkisstyrk sem Sorpa bs. hefur notið í formi tekjuskattsundanþágu.

Haraldur Flosi Tryggvason kynnir.

Gestir

Haraldur Flosi Tryggvason lögmaður Sorpu bs.

Niðurstaða:

Eigendavettvangur samþykkir að vísa fyrirliggjandi tillögu til umræðu og afgreiðslu aðildarsveitarfélaganna að fenginni afgreiðslu stefnuráðs.

Sorpu bs. er falið að kynna málið nánar samkvæmt óskum aðildarsveitarfélaga.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

2. Eigendasamkomulag vegna Álfsness - 2308006

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 1. fundar verkefnastjórnar urðunarstaðar dags. 7. desember 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 2. fundar verkefnastjórnar urðunarstaðar dags. 11. janúar 2024 ásamt fylgiskjali.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 3. fundar verkefnastjórnar urðunarstaðar dags. 8. febrúar 2024.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 4. fundar verkefnastjórnar urðunarstaðar dags. 11. apríl 2024 ásamt fylgiskjali.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 5. fundar verkefnastjórnar urðunarstaðar dags. 20. júní 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.